

REGLUGERÐ
fyrir Byggingasjóð Einingar-Iðju.

1. grein:

Sjóðurinn heitir Byggingasjóður Einingar-Iðju.

2. grein:

Tilgangur sjóðsins er: Að standa straum af byggingakostnaði og rekstri húsnæðis fyrir aðalskrifstofur félagsins á Akureyri, fundahald, námskeið og aðra þá starfsemi, sem eðlilegt telst, að félagið hafi með höndum á hverjum tíma á Akureyri eða í næsta nágrenni.

3. grein:

Tekjur sjóðsins eru:

- a) Húsaleigutekjur.
- b) Hluti af framlagi félagssjóðs til bygginga- og hússjóða á vegum félagsins, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Skal framlaginu skipt þannig, að í hlut hússjóða Dalvíkurbyggðar, Ólafsfjarðar, Hríseyjar og Grýtubakkahrepps komi sama hlutfall af heildarframlaginu og félagafjöldi þeirra er af heildarfélagatölu Einingar-Iðju, en það sem þá stendur eftir rennur til Byggingasjóðs. Þó getur aðalfundur hverju sinni veitt einstaka byggingasjóð/hússjóð sérstakt framlag ef staða hans er slæm eða um miklar fjárfestingar er að ræða.
- c) Vaxtatekjur.

4. grein:

Stjórn Einingar-Iðju er jafnframt stjórn Byggingasjóðs og annast fjárreiður hans og daglegan rekstur, en ákvarðanir um sölu á eignum sjóðsins eða meiriháttar nýbyggingar skulu háðar samþykki félagsfundar.

5. grein:

Laust fé sjóðsins skal að jafnaði ávaxtað í starfandi banka eða sparisjóði á Akureyri, en heimilt er að lána það um skemmri tíma til annarra verkefna á vegum félagsins, enda er þá félagssjóður ábyrgur fyrir endurgreiðslu, þegar byggingasjóður þarf á fé sínu að halda.

6. grein:

Breytingar á reglugerð þessari má aðeins gera á aðalfundi, og ná þær því aðeins samþykki, að 2/3 hlutar atkvæða séu þeim fylgjandi.

Reglugerðin þannig samþykkt á aðalfundum Einingar og Iðju í maí 1999.